

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Samherji fiskeldi ehf.	30.10.20	Núpar Ölfusi	3
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
610406-1060	11.05.36	Já	Eldi á allt að 300 tonnum laxfiskaseiða árlega.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		<p>Skv. eldra starfsleyfi var leyfileg framleiðsla á 100 tonnum laxaseiða og 50 tonnum bleikjuseiða árlega. Skv. nýju starfsleyfi sem tók gildi í maí 2020 er hámarkslífmassi á hverjum tíma 120 tonn en framleiða má allt að 300 tonnum laxfiskaseiða árlega.</p> <p>Skv. ársyfirliti rekstraraðila og grænu bókhaldi fyrir árið 2019 voru alin 130,5 tonn af laxi og bleikju í stöðinni. Þar af eru 108 tonn bleikja og 22,5 tonn lax.</p> <p>Afföll og önnur förgun seiða voru tæp 17 tonn.</p>
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			<p>Nýtt starfsleyfi tók gildi.</p> <p>Planaðar eru frekari framkvæmdir í uppbyggðu eldishúsi, þar sem setja á upp fóðurgeymslu og skifstofuaðstöðu. Stóru verkefni uppbyggingarinnar eftir bruna eru komin.</p> <p>Til stendur að setja meltutank í stað tanks sem einungis safnar dauðfiski og geymir, þar til hann er færður til urðunar.</p>
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 4.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar eru góðar.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Var skilað til UST 29. apríl sl. og í grænu bókhaldi.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

		X		Losunartölur á fosfór og köfnunarefni vantaði. Útreikningum frá mælingum var skilað í eftirliti.
Grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Grænu bókhaldi var skilað 29. apríl sl.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Er aðgengilegt á staðnum í rekstrarhandbók. Uppfært áhættumat og viðbragðsáætlun barst eftir seinasta eftirlit.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			X	Á ekki við.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Uppfærð áætlun barst eftir seinasta eftirlit. Áætlunin er til staðar í rekstrarhandbók

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Samherji fiskeldi starfar eftir umhverfismarkmiðum og eftir kröfum Whole Foods. Uppfærðum umhverfismarkmiðum, sem taka einungis til Núpa, var skilað í eftirliti.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X	X		Sjálfvirkt fóðurkerfi. Einhver klukkufóðrun en virkt fóðureftirlit. Talsverð fita og froða var sjáanleg í flestum kerjum og er rekstraraðila bent á að skoða hvað veldur og hvort bæta þarf hreinsun í kerjunum sjálfum.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?		X		Engar upplýsingar voru um losun í ársyfirliti eða grænu bókhaldi. Styrkur hafði þó verið mældur og útreikningar frá mælingum í okt

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?				2019 bárust í eftirliti. Losun fosfórs er 6,6 kg/tonn en heimild í starfsleyfi er 7 kg/tonn. Styrkur heildarfosfórs í inntaksvatni var 0,1 mg/L, í frárennsli fyrir hreinsun 0,3 mg/L og eftir hreinsun 0,2 mg/L. Köfnunarefni mældist undir ákvörðunarmörkum (< 0,5 mg/L) á öllum þrem sýnatökustöðum. Athygli er vakin á því að skv. nýju leyfi skal reikna losun árlega út frá fódurnotkun.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?		X		Sýnileg froða og fitubrák. Mjög greinileg fita við yfirfallsrör úr fastefnistanki sem er við hlið tromlusíu. Greinilegt slý og vöxtur á og við tromlusíu.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			Frárennsli sameinast úr húsum í damm og fer þaðan í tromlusíu og út í læk/skurð sem rennur út í Sandá/Varmá/Þorleifslæk.
	X			Sludge úr tromlusíu, fastefni, fer í tank og vatni er dælt aftur í síuna. Settankur er tæmdur 1-2x á ári.
		X		Stórt gat er á hlið fastefnistanks og hann brotinn. Yfirborð fastefnis sem safnað er í hann komið mjög nærri því að ná upp að gatinu og yfirfall sem fer í viðtaka er ekki nægilega hreinsað.
		X		Mikið vatn var í dammi vegna hreinsunar kerja og óhreinsað frárennsli hafði flætt úr damminum í gegnum samskeyti og var talsvert vatn á jörðinni milli dammsins og tromlusíu.
		X		Einnig flæddi úr lögnum úr brunni í plani norðaustan við aðaleldishús.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Frárennsli fer í ferskvatn, rennur í skurð og Sandá sem sameinast Varmá í Þorleifslæk. Þorleifslækur rennur í Ölfusá um 6 km frá sjó.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Mælt er ofan og neðan útrásar.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Stíflubjónustan sér um tæmingu á dauðfiskatanki og hefur verið farið með í urðun, nú seinast í Fíflholt. Skinnfiskur tekur á móti afföllum ef þau verða mikil í einu í samræmi við neyðaráætlun. Fastefni úr settanki er einnig urðað. Skv. nýju starfsleyfi átti áætlun um meðhöndlun úrgangs að vera skilað fyrir 1. nóvember 2020. Henni var skilað í eftirliti og bíður yfirferðar eftirlitsaðila. Flytjandi tekur til baka trébretti.
Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Skv. nýju starfsleyfi átti að meta virkni hreinsibúnaðar eldisvatns í frárennsli við útrás fyrir 1. nóvember 2020. Svifagnir voru mældar fyrir og efir hreinsibúnað í sumar.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar.	X			Í lagi.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Næstu mælingar eru áætlaðar 2021 skv. vöktunaráætlun og starfsleyfi. Rekstraraðili hefur tekið sýnin en Sýni ehf. mælt þau.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Fjögur frávik komu fram við eftirlit 2019 er vörðuðu umfang, skráningar og vöktun. Engar ábendingar voru gerðar.

Samantekt:

Nýtt starfsleyfi vegna eldis 300 tonna laxfiskaseiða á ári tók gildi í maí sl. Frávik er skráð er varðar umfang eldis 2019. Frávik er einnig skráð vegna sjáanlegrar fitu og froðu við útrás frárennslis sem og mengunarvarna og aðbúnaðs.
Aðbúnaði við frárennsli var ábótavant, þar flæddi frárennslisvatn út í jarðveg út um samskeyti, sem skv. rekstraraðila var vegna þess að verið var að hreinsa úr

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

	<p>kerjum. Eftirlitsaðili bendir á að dammur þarf að geta tekið við því vatni sem úr kerjunum er losað á hverjum tíma án þess að einhversstaðar flæði út.</p> <p>Ábending er gerð er snýr að tæmingu og hreinsunar settanks og tromlusíu ásamt tæmingar dauðfiskatanks.</p> <p>Vatnsyfirborð í brunni norðaustan við aðaleldishús var of hátt. Á meðan skoðunarferð stóð flæddi upp úr honum og flæddi út í planið, ljóst var að það var í beinu samhengi við hreinsun á kerjum.</p> <p>Tankur undir fastefni út tromlusíu er brotinn og með gati á hlið.</p> <p>Umgengni er annars almennt góð en þó má huga að frágangi trébreitta og annars úrgangs eftir byggingarframkvæmdir.</p> <p>Fóður er geymt í sér gámi og spilliefni í öðrum. Ljósavél er í þeim þriðja. Þar var talsvert af sagi á gólfi sem er notað sem ísogsefni þess sem fer niður við viðhald ljósvélar. Eftirlitsaðili óskar eftir upplýsingum um hvernig því er fargað.</p> <p>Ábending er gerð vegna skila útreikninga á losun frá eldinu.</p> <p>Árekstrarvarnir voru í lagi við olúgeymi, áfyllingaviðvörðun og útsláttabúnaður til staðar, en olúgeymir er hvorki tvöfaldur né í lekaheldri þró og er ábending gerð þess efnis.</p>
Annað:	Sjá skýrslu.

Undirskrift eftirlitsmanns: _____

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi ehf., Núpum III Núpum III í Ölfusi.



Dags eftirlits	30.10.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf., Núpum III	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Núpum III, Ölfusi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Orri Filippusson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	Staðsetning	390484,225 387985,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram er snúa að umfangi ársins 2019, mengunarvörnum í frárennsli og útrás frárennslis. Fjórar ábendingar eru gerðar er varða skráningu á losun næringarefna og skilum í ársyfirliti, mengunarvarnir olíugeymis og förgun olíumengað sags, sem og losun safntanka fyrir fastefni og dauðfisk.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Farið var í vettvangsferð og frárennsli skoðað ásamt aðstæðum á eldisstöð. Fjarfundur var svo haldinn þar sem farið var yfir gögn og áætlanir eldisstöðvarinnar. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

- Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslur, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Farið yfir helstu skiladaga og ákvæði nýs starfsleyfis
- Umfang
- Umhverfismarkmið
- Skráningar og innra eftirlit sbr. gr.4.1
- Tilkyrningar og viðbragðs- og neyðaráætlanir
- Frárennsli, hreinsun og mælingar
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Áætlun um meðhöndlun úrgangs
- Umgengni um mengandi efni
- Dauðfiskur
- Annar úrgangur
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð 884/2017

Frávik frá

Lýsing á frávikum

gr. 1.2 í þágildandi starfsleyfi.

Heimild þágildandi starfsleyfis var til 100 tonna laxaseiða og 50 tonna bleikjuseiða á ári. Ársframleiðsla 2019 var 131 tonn, að mestu bleikja. Nýtt leyfi sem heimilar 300 tonn af laxfiskaseiðum á ári hefur tekið gildi og er frávikinu því lokað.

gr. 2.1, 3.1 og 3.5 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun og nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir. Á athafnasvæði skal beita góðum starfsreglum og fyllsta hreinlætis gætt. Safntankur fyrir eldisvatn sem lekur ef vatnsyfirborð er hátt, safntankur fyrir fastefni frá tromlusíu sem er brotinn og með stóru gati á hlið, og brunnur sem flæðir upp úr þegar eldisker eru hreinsuð, uppfyllir ekki þær kröfur.

gr. 3.4 og 3.5 í starfsleyfi

Við útrásir þar sem eldisvatni er veitt í viðtaka má ekki vera olía eða froða. Bæði froða og fita sáust við útrás yfirfallsrörs frá safntanki fastefnis sem er síað frá eldisvatni í tromlusíu.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að skráningar á losun eldis skulu fylgja ársyfirliti, bæði skv. eldra leyfi og gildandi leyfi rekstraraðila. Upplýsingar um losun frá eldinu árið 2019 fylgdu ekki ársyfirliti en útreikningum út frá mælingum var skilað í eftirliti. Í því sambandi bendir eftirlitsaðili á að skv. gr. 4.3 í gildandi starfsleyfi ber rekstraraðila að reikna árlega losun næringarefna út frá fóðurnotkun og upptöku næringarefna.

Eftirlitsaðili bendir á að olíugeymir stöðvarinnar er hvorki tvöfaldur né í lekaheldri þró.

Einnig bendir eftirlitsaðili á að meðhöndla þarf sag sem notað er til ísogs olíuefna, í gámi sem hýsir ljósavél, sem olíumengað. Staðfestingu er óskað á viðurkenndri förgunarleið efnisins.

Skv. gildandi starfsleyfi skal tæma settank og tromlusíu eigi síðar en 1. maí 2021 og þar eftir á a.m.k. þriggja ára fresti. Eftirlitsaðili bendir á að í ljósi fitubrúkar við yfirfall úr settanki þarf að tæma tankinn sem allra fyrst. Í því sambandi óskar Umhverfisstofnun eftir upplýsingum um hvenær settankur og tromlusía voru seinast tæmd og hreinsuð, ásamt upplýsingum um hvenær dauðfiskatankur var seinast tæmdur.

ANNAÐ

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til mannelis var einnig kynntur.

Farið var yfir áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um skráningar oliugeyma.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.11.2020



Hulda Soffía Jónasdóttir